

HVER ER Í FJÖLSKYLDUNNI?

SKILNAÐIR OG
STJÚPTENGL



VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR

Valgerður Halldórsdóttir

Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúp tengsl



VAKA-HELGAPELL


Hver er í fjölskyldunni?

Skilnaðir og stjúp tengsl

© Valgerður Halldórsdóttir 2012

Vaka-Helgafell
Reykjavík 2012

Öll réttindi áskilin.

Teikningar: Sigmundur B. Þorgeirsson
Hönnun kápu: Emilía Ragnarsdóttir / Forlagið
Umbrot: Einar Samúelsson / Hugsá sér!
Letur í meginmáli: Minion Pro 10,4/14 pt.
Prentun: Oddi, umhverfisstofnun prentsmiðja 

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-2-2198-2

Vaka-Helgafell er hluti af  Forlaginu ehf.
www.forlagid.is



Efnisyfirlit

Formáli	7
Inngangur	11
1. Í „stjúpblindu“ samfélagi	19
Orðabókin, Alþingi og Hagstofan 21 · Stjúpblinda 22 · Nýtt fjölskylduform? 26 · Ævintýrin fyrirmynd? 27 · Máttur staðalmynda 31 · Af hverju ekki mósaikfjölskyldur? 34	
2. Fjölskyldan er eins og órói	
– allar breytingar hafa mest áhrif í fyrstu	39
Þægindahringurinn 42 · Brostnir draumar, minni stuðningur og breytt tengsl 45 · Börn skipta foreldrum ekki út 48 · Aðlögun að lífi einhleyps foreldris – aðlögun stjúp-fjölskyldunnar 51 · Aukin ábyrgð – nýjar rútinur 52 · Sérþúð 54 · „Meðgangan“ 54 · Ágreiningur er í góðu lagi – ef honum er sinnt 56 · Samruni tveggja „heima“ 58	
3. Hans eða hennar (fyrirverandi) að eilífu?	63
Fylgir fylgjan? 68 · Nýjar aðstæður – úrelt vinnubrögð? 69 · Sameiginlegur utanaðkomandi óvinur? 71 · Viðurkenning frá fyrirverandi maka 72 · Foreldri með vanda 72 · Hjálpar hjálpsemin? 74 · Mörk eru mikilvæg 78 · Samráð við stjúpforeldra er líka mikilvægt 80	
4. Hver tilheyrir fjölskyldunni?	83
Á Silja fjölskyldu? 84 · Reynsluheimur barna 86	
5. Er hann líka bróðir minn? – Systkinatengsl í stjúp-fjölskyldum	91
Ný stjúpsystkini 92 · Gott samband 93 · „Þetta er mitt pláss“ – einkarými barna 94 · Breytt aldursröð í stjúpsystkinahópi 95 · Ný verkefni? 96 · Ólík hlutverk, ólík framkoma? 97 · Meiri væntingar til eigin barna en stjúp-barna? 98 · Mismunur eðlileg – en sanngirni nauðsynleg 99 · Á bara að nota mig sem „barnapíu“? 100 · Litli brúarsmiðurinn – sameiginlegt barn 101 · Sameiginlegt barn – ólík afstaða? 105 · Hálf-systkini vilja fá að taka þátt 105 · Ekki sjálfgefið 106 · Svilbróðir? 107 · Kynferðisleg spennan milli stjúpsystkina 108	

6. Í hvaða liði ertu? – Hollustubönd 113

Samkeppni um ást? 115 · Fin lína milli afskipta og afskiptasemi 116 · Enn finni lína í stjúp tengslum 116 · Milli steins og sleggiu 118 · „Stikkfrí“ er ekki í boði 120 · „Þú vissir að ég ætti börn!“ 122 · Hollustan með sambandinu 123 Vantraust grefur undan hollustu 124 · Er blóraböggull á heimilinu? 125 „Var mér bara skipt út?“ 127 · „Sendifulltrúar á átakasvæðum“ – börnin á milli 128 · Stuðningur í fjölskyldum fer forgörðum 129 · Börnin eru eins og barómet á líðan foreldra 132 · Afi og amma „á milli“ 133

7. Þú verður að elska börnin mín! – Óraunhæfar hugmyndir 137

Horfum á hlutina eins og þeir eru 140 · Þú verður að elska – og ég verð að elska 141 · Úr hópastarfi með stjúpmæðrum 143 · Í foreldrastað? 143 „Henni var bara dömpað á mig“ 147 · Missir barna og ungmenna 148 Börn þurfa fullvissu 152 · Stjúpfjölskyldur í kjölfar andláts 154 Proskastig stjúpfjölskyldunnar 156

8. Hlutverk stjúfforeldra – Barnapía, frænka, frændi eða foreldri? 159

Óvissa allsráðandi – samræður nauðsynlegar 160 · Ræða þarf væntingar 161 Hvar á að byrja? 164 · Stjúptengsl ólík Neskaffi 166 · Verum opin fyrir tækifærum 166 · Tæknin getur hjálpað 167 · Virða þarf mörk 167 „Frosin“ samskipti 170 · Börn og fullorðnir með fortíð 173 · Fórnaði pabbi Hans og Grétu þeim fyrir friðinn? 174 · „Helgarpabbar“ og „helgarstjúpur“ 175 · „Barnapían“ 177 · „Þú ert ekki pabbi minn“ 178 Framlenging á valdi foreldris 180 · Heimilisreglur 181 · Reglur fyrir mín börn, þín börn og okkar börn 184 · Bak við luktur dyr 185 · Úr einu hlutverki í annað 186 · Hverjum þykir sinn fugl fagur 187

9. Hver borgar hvað fyrir hvern? 189

Lögin og framkvæmdin 190 · Skyldur stjúfforeldra 191 · Raunveruleikinn annar? 193 · Mér finnst ... 194 · Hver er staðan í fjármálum? 195 Umhyggja skiptir máli 196 · Lögheimilið er stundum látið ráða 197 · Óvissa, ágreiningur og afbrýðisemi 198 · Skortur á samráði milli heimila 201 Hvaða aðferð er rétt? 202 · Eftirlátsemi foreldra 203

10. Hátíðir í stjúpfjölskyldum 207

Hver á að gefa hverjum (jóna)gjöf? 208 · Skilyrðislausar gjafir 209 Í hvaða boð á að fara? 210 · Hvaða matur? 211

Tilvísanaskrá 213

Heimildaskrá 218

Formáli

Á sama hátt og stofnun Félags stjúpfjölskyldna 24. nóvember 2005 var sögulegur viðburður í málefnum fjölskyldna á Íslandi er útgáfa þessarar bókar árið 2012 líka sögulegur viðburður í málaflokknum. Hvort tveggja er til komið fyrir atorku höfundarins Valgerðar Halldórsdóttur félagsráðgjafa en hún hefur verið ötul að ryðja málefnum stjúpfjölskyldna braut með margvíslegum hætti. Í aðfararorðum þessarar kærkomnu og tímabæru fyrstu bókar á íslensku um stjúptensl er fróðlegt að líta til baka á þróunina. Valgerður vann fyrstu ritgerðina um efnið til meistaraþrófs í félagsráðgjöf árið 2006 og tengdi þar fræðilega umfjöllun meðal annars við hugmynd um fræðslustarf á sviðinu. Ekki leið á löngu þar til íslenskum stjúpfjölskyldum stóð til boða aðgangur að Félagi stjúpfjölskyldna, heimasíðu, fræðslu og ráðgjöf.

Íslenskir fjölskyldufræðingar og meðferðaraðilar hafa beint athygli að fjölskyldumbreytingum og fylgst með þróun stjúptengsla um þrjátíu ára skeið. Líklega var fyrsta námskeiðið um stjúptensl haldið hjá fjölskylduráðgjöfinni Tengsl snemma á níunda áratugnum og fagleg umfjöllun í fjölmiðlum um stjúpfjölskyldur var tengd því. Í upphafi náms í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands upp úr 1980 var farið að kenna og sinna rannsóknnum á þróun og stöðu ólíkra fjölskyldugerða, meðal annars stjúptengsla. Fjölgun sérfræðinga í fjölskyldumeðferð og vaxandi eftirspurn eftir ráðgjöf og aðstoð hefur átt sinn þátt í að opna umræðu, auka þekkingu og draga úr fordómum um stjúptensl. Þau verða nú stöðugt sýnilegri jafnframt því að vera hluti af sífellt fjölbreytilegri fjölskylduþróun – hvort sem við köllum það upplausn eða endurskoðun sem varðar lífsgildi og viðhorf.

En hvers vegna hafa stjúptensl nú orðið svo almenn og umrædd? Á síðustu áratugum hafa breytingar í fjölskyldusamskiptum og lífsháttum haldist í hendur við breytta stöðu foreldra á heimili og

á vinnumarkaði. Nýir möguleikar til þroska, atvinnutækifæra og aukins persónulegs svigrúms hafa haft áhrif í þeim gagngeru breytingum sem orðið hafa á viðhorfum til jafnaðar, einstaklingsfrelsis og skuldbindinga. Jafnframt hafa fjölskylduform orðið fjölbreyttari með æ fleiri tilbrigðum. Með tilkomu stjúpfjölskyldunnar hefur tengslunum fjölgað á lárétta ásnum þannig að fleiri fjölskyldukjarnar bætast við, en misjafnt er hvaða hlutar fjölskyldukerfisins búa að staðaldri undir sama þaki. Allt krefst þetta endurskipulagningar, samræmingar og samvinnu um smærri og stærri mál tengd samskiptum og heimilis- og fjölskyldurekstri. Þá hrikir oft í fjölbættum stoðum stjúpfjölskyldna.

Eitt birtingarform fjölskyldubreytinganna er að ungt fólk gefur sér tíma til að prófa sig í samböndum áður en það festir ráð sitt. Þannig fer fólk nú í sambúð og eignast fyrsta barn mun seinna en fyrir aldarfjórðungi. Tvíbentar tilfinningar gagnvart valmöguleikum, og stundum efasemdir gagnvart of miklu frelsi, togast á við drauminn um hamingjuríkt og stöðugt fjölskyldulíf. Þrátt fyrir vaxandi einstaklingshyggju og hugmyndir um sjálfsrækt og sjálfstæði – bæði fyrir sambúð og eftir skilnað – lædist oft að einsemd og sterk þörf fyrir náin tengsl við aðra manneskju. Þetta endurspeglast í beinhörðum tölum Hagstofunnar og í rannsóknarniðurstöðum sem sýna að um þriðja hvert skráð parsamband er líklegt til að enda með skilnaði. Hluti af umbreytingarferli fjölskyldna er líka að fólk hefur fljótlega aðra sambúð eftir skilnað, stjúptengsl myndast og sérstaða stjúpfjölskyldna verður þannig minna áberandi. Samkvæmt upplýsingum skilnaðarungmenna í framhaldsskóla, sem svöruðu í rannsókn minni um *Lífsgildi og viðhorf ungs fólks til fjölskyldumál-efna*, höfðu þau reynslu af því að langflestir foreldrar færu aftur í sambúð og þriðja hvert foreldri, oftar feður, innan eins árs frá skilnaði. Um fjórðungur fráskilinna foreldra hafði oftar en tvisvar hafið nýja sambúð eftir skilnað. Um tveir þriðju þessara ungmenna höfðu reynslu af því að eignast stjúpsystkini þar sem sambúðaraðili móður átti barn fyrir. Í rúmum þriðjungi tilvika eignuðust þau hálf-systkini

vegna þess að móðir þeirra eignaðist barn/börn með öðrum en fyrrverandi maka og enn fleiri upplifðu það sama gegnum föður. Allar þessar umbreytingar í sambúðarformum og fjölskyldumynstrum benda til þess að fólk sé í stöðugri leit eftir einhverju enn betra og hiki ekki við að gefa sig tækifærunum á vald til að láta drauma sína um ást og hamingjuríkt einkalíf rætast. Þannig munu tilbrigði í mannlegum samskiptum væntanlega halda áfram að þróast og taka á sig nýjar myndir. Vonandi er það til góðs fyrir bæði foreldra og börn því hamingjusamir foreldrar auka líkur á hamingju og vellíðan barna.

Klínísk reynsla tengd árangursmati hefur sýnt að fremur auðvelt er að skilgreina vanda stjúpfjölskyldna og þær nýta sér vel hugræna nálgun, ráðgjöf og fræðslu. Stjúpfjölskyldur eru líka oft öðrum fjölskyldum samvinnufúsari, eiga sjálfar sambúðarreynslu að baki og eiga auðvelt með að samsama sig og læra af öðrum. Örfáir ráðgjafartímar geta því oft skilað góðum árangri. Fræðsluefni er líka nokkuð sem stjúpforeldrum er tamt að nýta sér og er óhætt að segja að fyrstu reynslusögurnar svo og kvikmyndir og skáldsögur, byggðar á raunverulegum dæmum, hafi átt sinn þátt í að efla skilning á viðkvæmni stjúptengsla, ryðja fordómum úr vegi og efla stöðu stjúpfjölskyldna meðal annarra. Þessi bók er viðbótarlóð á vogarskálarnar til að jafna þá stöðu.

Með þessari bók fá stjúpfjölskyldur á Íslandi góða fræðslu og umræðugrundvöll til að styðjast við þegar þær eru að móta samskipti sín. Það er fengur að því að geta bent þeim á lesefni á íslensku. Bókin er vel búin fræðilegum heimildum og vísunum í meðferðarreynslu höfundar með fjölda lýsandi dæma. Þannig er hún heppilegt lesefni fyrir verðandi sem starfandi félagsráðgjafa og aðrar fagstéttir sem vinna að velferð fjölskyldna á Íslandi.

Sigrún Júlíusdóttir,

félagsráðgjafi og prófessor við Háskóla Íslands

Inngangur

Stjúpfjölskyldur eru margvíslegar að stærð og gerð og takast á við sitt daglega líf á ýmsan máta. Þrátt fyrir margbreytileika þeirra benda rannsóknir til að þær eigi margt sameiginlegt. Algengt er að hlutverk stjúpforeldra vefjist fyrir fólki og upp komi óraunhæfar hugmyndir eins og að hægt sé að endurskapa kjarnafjölskylduna og stjúpforeldri geti komið alfarið í stað þess foreldris sem ekki er búsett á heimilinu. Samskipti við fyrrverandi maka valda víða streitu, bæði fyrir börn og stjúpforeldra, þegar ekki tekst að láta þau snúast eingöngu um hagsmuni sameiginlegra barna. Algengt er að bæði börn og fullorðnir geti upplifað sig á jaðri fjölskyldunnar, jafnvel að þau tilheyri ekki stjúpfjölskyldunni. Spurningar eins og hver á að borga hvað fyrir hvern og hvernig er hægt að biðja um eitthvað eru algengar, sem og hver má aga hvern og hvernig.

Í bókinni er reynt að bregða upp ólíkri sýn fjölskyldumeðlima á algengar uppákomur og aðstæður í stjúpfjölskyldum. Fjöldi dæma er að finna í hverjum kafla um sig til skýringar, sem jafnframt má nota til umræðna. Í lok hvers kafla eru punktar til íhugunar sem geta hjálpað fólki að finna nýjar leiðir til að takast á við fjölskyldulífið á uppbyggilegan máta. Þessir listar eru þó langt í frá tæmandi og óvíst að þeir gagnist öllum.

Það er von höfundar að bæði almenningur og þeir aðilar sem vinna með fjölskyldum, eins og kennarar, leikskólakennarar, félagsráðgjafar, sálfræðingar, iðjuþjálfar, prestar, læknar, sýslumenn, hjúkrunarfræðingar, lögfræðingar, náms- og starfsráðgjafar, þroskaþjálfar, áfengis- og vímuefnaráðgjafar, tómstunda- og félagsmálafræðingar geti nýtt sér bókina í starfi sínu. Einnig að þeir sem vinna við rannsóknir á högum barna og fjölskyldna, koma að samningu laga og reglugerða og taka þátt í opinberri stefnumótun í fjölskyldumálum, geti haft af henni gagn. Ágætt er að hafa í huga að fólk skapar sér

sinn eigin veruleika í fjölskyldulífi sem getur verið ólíkur fyrirfram-
gefnum hugmyndum stefnumótunaraðila eða löggjafans.

Bókin er byggð á eigin reynslu höfundar, faglegri þekkingu, til-
tækum rannsóknum og klínískri vinnu með stjúpfjölskyldum. Hún
er jafnframt fyrsta heildstæða verkið um stjúptengsl á íslensku.

Í fyrsta kafla, *Í „stjúpblindu“ samfélagi*, er fjallað um þá óvissu
sem er í huga margra um hvað sé stjúpfjölskylda og þá tilhneingingu
sumra að skilgreina sig út úr stjúptengslum, reyna jafnvel að fela
þau. Neikvæðar staðalmyndir um stjúptengsl sem finna má í ævin-
týrum mótast snemma á ævinni. Sumir telja að finna þurfi nýtt nafn
yfir stjúpfjölskyldur og stjúptengsl til að skapa jákvæðari afstöðu
til þeirra en finna má í ævintýrunum. Að mati höfundar hefur eins
konar stjúpblinda einkennt samfélagið þar sem stjúptengsl hafa
nánast verið ósýnileg í opinberri stefnumótun, gögnum, umræðum
og rannsóknum. Höfundur kys að nota að forskeytið „stjúp-“ til að
lýsa þeim *tengslum* sem bókin fjallar um og skilgreinir stjúpfjöl-
skyldu á eftirfarandi hátt: „*Stjúpfjölskylda er fjölskylda þar sem annar
eða báðir aðilar sem til hennar stofna eiga barn eða börn með öðrum
aðila/um*“.

Í öðrum kafla, *Fjölskyldan er eins og órói – allar breytingar hafa
mest áhrif í fyrstu*, er fjallað um þær breytingar sem verða á dag-
legum venjum og hefðum í kjölfar skilnaðar. Algengt er að efnahags-
leg staða, hagnýtur og tilfinningalegur stuðningur breytist, sem og
samskipti við vini og fyrrverandi tengdafjölskyldu. Breytt foreldraá-
byrgð hreyfir við mörgum og margir foreldrar upplifa að þeir hafi
misst yfirsýn og áhrif í lífi barna sinna. Aðlögun fólks að lífi ein-
hleyps foreldris getur haft mikið að segja um hvernig aðlögun stjúp-
fjölskyldunnar gengur í fyrstu. Taka þarf mið af börnum úr fyrri
samböndum og fyrrverandi maka, sem fólk er mistilbúið til að sætta
sig við. Tími fyrir tilhugalífið er oft takmarkaður og „meðgangan“
stutt, sem getur haft áhrif á hvernig til tekst í fyrstu.

Í þriðja kafla, *Hans eða hennar (fyrrverandi) að eilífu?*, er fjallað
um samskipti fyrrverandi maka sem hafa mikið að segja um líðan

barna og aðlögun stjúpfjölskyldunnar. Draugagangur sem fylgir endalausum deilum eða svo mikilli vináttu fyrrverandi maka að varla er pláss fyrir nýja makann í sambandinu, dregur úr krafti stjúpfjölskyldunnar og truflar aðlögun hennar. Gömul viðbrögð í nýjum aðstæðum þarf að endurskoða, ljúka þarf tilfinningalegum skilnaði og halda áfram sem foreldrar, eigi nýja stjúpfjölskyldan að fá að dafna og þroskast eins og hún hefur alla möguleika til.

Í fjórða kafla, *Hver tilheyrir fjölskyldunni?*, er sagt frá þeim breytingum sem oft fylgja skilnaði og endurgiftingu foreldra, það er að börn og foreldrar skilgreina fjölskyldur sínar á annan hátt en áður. Fyrrverandi makar nefna sjaldnast hvor annan sem hluta af fjölskyldu sinni en þeir tilheyra oftast áfram fjölskyldu sameiginlegra barna þeirra. Hvort stjúpbörn og stjúpforeldrar eru tilgreind sem hluti af fjölskyldu hvers annars er mikið til háð því hvernig stjúptengslum er háttáð. Að vera ekki talinn hluti af fjölskyldunni gefur vísbendingu um að tilfinningin að upplifa sig „útundan“ eða að vera á jaðri fjölskyldunnar sé til staðar. Fjölskyldukerfið stækkar óhjákvæmilega við stjúptengsl en á sama tíma hefur það tilhneigingu til að gisna, meðal annars vegna óvissu og óöryggis um hver má biðja hvern um hvað. Því líkist fjölskyldumyndin oft fremur gisnum fjölskyldurunna en fjölskyldutré.

Í fimmta kafla, *Er hann líka bróðir minn? – Systkinatengsl í stjúpfjölskyldum*, er greint frá þeim breytingum sem geta orðið í lífi barna við að eignast stjúpsystkini og hálf-systkini. Sum börn taka þeim fagnandi á meðan önnur hafa lítinn áhuga á að deila foreldri og heimili með hálfókunnugu fólki. Hægt er að hafa töluverð áhrif á hvernig samskiptum barna er háttáð en ekki er hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að þættir eins og persónuleiki, aldur og kyn hafa áhrif á hvernig þau ná saman. Stjúpsystkinum fylgir gjarnan breytt aldursröð, áhrif og ábyrgð í fjölskyldunni. Foreldrar eru oftast tengdari eigin börnum en stjúpbörnum sínum og börn finna gjarnan þann mun á framkomu þeirra fullorðnu, sem erfitt getur verið að komast alfarið hjá. Það er hins vegar mikilvægt að allir finni

fyrir sanngirni og að hver og einn skipti máli. Stundum er talað um að sameiginlega barnið virki sem einskonar „brúarsmiður“ í fjölskyldunni og hjálpi henni að standa saman þegar á móti blæs sem er þó ekki algilt. Kynferðisleg spenna milli stjúp systkina er þekkt og ekki sjálfgefið að stjúp systkini líti hvort annað systkinaaugum, þótt það sé draumur foreldra þeirra.

Í sjötta kafla, *Í hvaða liði ertu? – Hollustubönd*, er fjallað um hollustubönd. Bæði börn og fullorðnir þurfa á samstöðu að halda og hún er börnum lífsnauðsynleg. Hún endurspeglast í upplifuðum skyldum foreldra sem flest börn mynda einstæð og sterk tilfinningatengsl við í frumbernsku. Skilnaður og endurgifting geta haft áhrif á hvernig bæði börn og fullorðnir upplifa þá hollustu sem þau telja að þeim beri. Í kjarnafjölskyldum þar sem öll börn eru sameiginleg er sá tími sem fer í umönnun barns oftast talinn mikilvægur og hagsmunir foreldra og barna fara saman, í stjúp fjölskyldum skortir oft þennan skilning og sá tími sem varið er í barnið er stundum talinn á kostnað stjúpforeldrisins og öfugt. Í slíkum aðstæðum upplifir foreldrið gjarnan „hollustuklemmu“ sem skapast þegar tveir aðilar ætlast til þess að sá þriðji styðji sig gegn hinum. Að skapa traust hollustubönd er eitt af stærri verkefnum stjúp fjölskyldunnar og það er á ábyrgð hinna fullorðnu. Takist þarinn ekki að leysa ágreiningsmál sín á uppbyggilegan máta er hætta á að barn lendi í hlutverki „blórabögguls“ á heimilinu sem er kennt um allt sem miður fer.

Í sjöunda kafla, *Þú verður að elska börnin mín! – Óraunhæfar hugmyndir*, er fjallað um væntingar sem erfitt getur verið að mæta í stjúp fjölskyldum eins og að krefjast gagnkvæmrar ástar milli stjúpforeldris og barns, ætla stjúpforeldri að koma í stað foreldris og halda að skilnaður þýði endalok samskipta við fyrrverandi maka eða að stjúpforeldri geti bætt upp missi sem það hefur ekki átt neinn þátt í að skapa. Það hjálpar hins vegar að þekkja viðbrögð fólks við missi. Óraunhæfar hugmyndir geta aukið líkur á ótímabæru valdaframsali foreldris til stjúpforeldris eða að stjúpforeldri taki meira að sér en æskilegt er í fyrstu, oft án þess að tengsl hafi náð að myndast.

Í áttunda kafla, *Barnapía, frænka, frændi eða foreldri?* – *Hlutverk stjúpforeldra*, er fjallað um hlutverk stjúpforeldra sem er óljóst í hugum margra. Verkefnið er að reyna finna viðeigandi hlutverk fyrir stjúpforeldri í fjölskyldunni í fyrstu og gera ráð fyrir að það geti breyst með tímanum. Samstaða um hlutverkið styrkir og eflir stjúpfjölskylduna. Samræður eru því nauðsynlegar sem og þor til að prófa sig áfram. Forgangsverkefnið er að kynnast stjúpbörnunum smám saman og mynda við þau tengsl. Mikilvægt er að vera opin fyrir tækifærum, virða mörk og láta ekki samskiptin „frjósa“ þótt ekki takist alltaf vel til í fyrstu. Börn eru mismóttækileg fyrir nýju stjúpforeldri, reynsla þeirra mótar þau ekki síður en fullorðna og það tekur tíma að mynda traust tengsl. Tækifæri stjúpforeldra til að tengjast stjúpbörnum sínum eru mismunandi og „helgarstjúpur“ og „helgarstjúpar“ fá færri tækifæri en stjúpfóldar í „fullu starfi“. Stjúpfóldri getur haft ólíka stöðu gagnvart börnunum á heimilinu sem er í góðu lagi sé um það samstaða.

Í kaflanum er jafnframt fjallað um *aga*. Stjúpfóldri þarf að byggja upp jákvæð tengsl við börnin og vera í fyrstu eins konar framlenging á valdi foreldris þegar kemur að agamálum, líkt og það væri barnfóstra. Húsreglur sem gefa til kynna þá hegðun sem viðurkennd er á heimilinu setja rammann. Það er vert að hafa í huga að í stjúpfjölskyldum er fín lína milli þess sem telst eðlileg afskipti og afskiptasemi.

Í níunda kafla, *Hver borgar hvað fyrir hvern?*, er fjallað um óvissu og ólíka afstöðu sem finna má í stjúpfjölskyldum varðandi greiðsluþátttöku stjúpfóldra og svo foreldra sem eiga börn á tveimur eða fleiri heimilum. Börn og ungmenni geta líka verið í vafa um hvern þau mega biðja um aðstoð og hvað þau geta beðið um. Lögjafinn gerir ráð fyrir þátttöku stjúpfóldra sem eru með forsjá stjúpbarns ásamt foreldri en ekki annarra stjúpfóldra. Raunveruleikinn er hins vegar oft annar og ekki er hægt að ganga að því vísu hvernig fólk hagar framfærslu barna sinna og stjúpbarna. Þættir eins og væntingar foreldris, óvissa í foreldrahlutverki, samviskubít,

umhyggja gagnvart stjúpbarni, tengsl, samskipti við fyrrverandi maka og ekki síst hvað er til ráðstöfunar skipta máli. Hvernig fólk ráðstafar peningum sínum milli fjölskyldumeðlima má túlka sem vísbendingu um hvar hollusta þess liggur í fjölskyldunni.

Draga má úr óvissu og auka líkur á samstöðu á heimilinu með gerð fjárhagsáætlunar sem báðir aðilar koma að og samþykkja.

Bókinni er ekki ætlað að svara öllum þeim spurningum sem upp kunna að koma í stjúpfjölskyldum en hún ætti að geta aukið skilning fólks á aðstæðum sínum og sýnt hvernig styrkja má stjúpfjölskylduna svo hún megi dafna og blómstra eins og hún hefur möguleika til. Mikilvægt er að hver og ein fjölskylda finni út sjálf hvað henni hentar til að hlutirnir gangi upp í stað þess að ganga út frá fyrirframgefnum hugmyndum um hvernig hlutirnir „eiga að vera“. Það getur komið sér vel að vita við hverju má búast, koma auga á smásigra og fræðast um hvað telst „eðlilegt“ fyrir stjúpfjölskyldur.

Stuðningur þeirra sem koma að lífi barna og fjölskyldna í starfi sínu skiptir miklu máli fyrir stjúpfjölskyldur sem reyna að finna lausnir og fóta sig í samfélagi sem ekki er alltaf meðvitað um sérstöðu þeirra og verkefni. Hann felur í sér bæði fjölskyldu- og barnavernd, en með uppbyggilegum viðbrögðum út frá þekkingu og raunhæfum hugmyndum aukum við lífsgæði barna og ungmenna sem hafa upplifað missi, sum oftast en einu sinni, sem og foreldra þeirra og stjúforeldra.

Það er ósk mín að bókin megi nýtast sem flestum, bæði fagfólki og almenningsi.

Ég vil sérstaklega þakka dr. Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa stuðning og hvatningu í gegnum árin sem og gagnlegar ábendingar. Einnig vil ég þakka Olgu Björt Þórðardóttur háskólanema, Karvel Aðalsteini Jónssyni félagsfræðingi, Hrafnkeli Tuma Kolbeinssyni framhaldsskólakennara og varaformanni Félags stjúpfjölskyldna, séra Braga Skúlasyni, Helgu Þórðardóttur félagsráðgjafa, Björk Erlendsdóttur félagsráðgjafa, Önnu Guðlaugu Jóhannsdóttur mynd-

listarkonu og Eiríksínu Kr. Ásgrímsdóttur bókmenntafræðingi fyrir gagnlegar athugasemdir, sem og nemendum mínum á liðnum árum í áfanganum *Stjúptensl: Skilnaður og endurgerð fjölskyldusamskipta*, sem hafa kennt mér margt um efnið. Þá vil ég í lokin færa stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands sérstakar þakkir fyrir liðlegheit og stuðning við gerð bókarinnar.

Bókin er tileinkuð börnum mínum Ævari og Eddu, stjúpdóttur minni Ingu Birnu og öðrum sem stoppað hafa skemur í lífi mínu. Þau hafa öll lagt sitt af mörkum við gerð bókarinnar á einn eða annan hátt og án þeirra hefði hún aldrei orðið til.

Hafnarfirði, 1. ágúst 2012

Valgerður Halldórsdóttir



Fjölskyldur eru margbreytilegar og ímyndin um „hefðbundna“ kjarnafjölskyldu á sannarlega ekki alltaf við. Stjúpfjölskyldur þar sem annar eða báðir aðilar sem til þeirra stofna eiga barn úr fyrra sambandi verða stöðugt algengari og um leið fjölgar þáttum sem geta valdið óvissu og togstreitu. Aðlögun að lífi einhleyps foreldris, samskipti við fyrrverandi maka og óraunhæfar væntingar geta haft áhrif á hvernig til tekst. Bæði fullorðnum og börnum líður stundum eins og þau séu á jaðri fjölskyldunnar, þau efast um hlutverk sitt í henni og hvort þau tilheyri henni í raun.

Höfundur fjallar hér um algengar aðstæður í stjúpfjölskyldum frá ýmsum hliðum, rekur reynslusögur og bendir á leiðir til að takast á við vandamál á uppbyggilegan hátt og taka mið af þörfum bæði barna og fullorðinna. Þetta er einkar fróðleg og þörf bók um fjölskyldulíf og mannleg samskipti.



Valgerður Halldórsdóttir er menntaður félagsráðgjafi, MA. Hún hefur einnig lokið námi í kennslu- og uppeldisfræði til kennsluréttinda og BA-prófi í stjórnmálafræði. Hún opnaði vefsíðuna stjuptensl.is árið 2004 og stofnaði árið 2005 Félag stjúpfjölskyldna og er formaður þess. Hún hefur haldið fjölmörg erindi og námskeið um málefni stjúpfjölskyldna, kennt bæði á framhalds- og háskólastigi og rekur nú Vensl ehf., þar sem hún veitir ráðgjöf og fræðslu og heldur námskeið.

